

Fimmtudaginn 19. nóvember 1998.

Nr. 80/1998.

Kristín Stefánsdóttir

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

Dagfinni Stefánssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Skuldabréf. Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 19. febrúar 1998. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 5.134.992,70 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 494.622,70 krónum frá 2. febrúar 1996 til 1. júlí sama árs, en af 5.134.992,70 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að 13. október 1989 gaf stefndi út veðskuldabréf, að fjárhæð 4.200.000 krónur, til Eftirlaunasjóðs F.Í.A., þar sem hann var sjóðfélagi. Kveður hann aðdragandann að þessu hafa verið þann, að Sveinn Kristdórsson hafi farið þess á leit, að hann útvegaði sér lánsfé frá eftirlaunasjóðnum, sem hann hafi fallist á að gera fyrir vináttu sakir og án nokkurrar greiðslu úr hendi Sveins. Hafi Sveinn útvegað veðtryggingu fyrir skuldinni með því að afla heimildar foreldra sinna, Kristdórs Vigfússonar og áfrýjanda, til að veðsetja fasteign þeirra að Aðalstræti 7 á Akureyri, en þá heimild veittu þau með áritun á skuldabréfið. Sveinn hafi jafnframt átt að standa skil á afborgunum og vöxtum af skuldinni og gert framan af, en síðar hafi hann komist í greiðsluþrot og bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta 29. september 1993.

Áfrýjandi kveður Kristdór Vigfússon hafa látist 2. október 1992, og hafi hún í kjölfarið fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Vegna van-

skila á greiðslum af fyrrnefndu skuldabréfi beindi Eftirlaunasjóður F.Í.A. innheimtuaðgerðum að áfrýjanda sem eiganda fasteignarinnar, er stóð að veði fyrir skuldinni. Áfrýjandi kveðst hafa komið skuldinni í skil með greiðslu 19. janúar 1996 og greitt hana síðan upp 1. júlí sama árs. Þessar greiðslur hafi numið samtals 5.219.370 krónum. Skuldabréfið hafi hins vegar verið áritað um greiðslur 2. febrúar og 1. júlí 1996, sem hafi verið mun lægri fjárhæðar, alls 5.134.992,70 krónur, en mismunurinn stafi af innheimtukostnaði. Skuldabréfið ber með sér áritun Landsbanka Íslands um fullnaðargreiðslu og áritun sýslumannsins á Akureyri um, að veði samkvæmt því hafi verið aflýst 9. júlí 1996.

Í málinu krefur áfrýjandi stefnda sem útgefanda umrædds skuldabréfs um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem það ber með sér, að hún hafi greitt af því og áður er getið. Málástæðum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

II.

Þegar áfrýjandi innti af hendi fyrrnefndar greiðslur af skuldabréfinu árið 1996, var hún eigandi fasteignarinnar, sem stóð að veði fyrir skuldinni. Má telja stöðu hennar að þessu leyti hliðstæða því, að hún hafi í raun borið ábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Hún getur því beint framkröfu að stefnda sem útgefanda skuldabréfsins eftir þeim almennu reglum kröfuréttar, sem gilda um slíka kröfu. Í þessu sambandi verður áfrýjandi að sæta því, að stefndi komi að vörnum á grundvelli þeirra lögskipta, sem bjuggu að baki skuldabréfinu, enda verður reglum um viðskiptabréf ekki beitt til að hindra slíkar varnir í innbyrðis uppgjöri skuldara, eftir að einn þeirra hefur leyst til sín kröfuna á hendur þeim.

Frásögn stefnda um tilurð veðskuldabréfsins, sem um ræðir í málinu, er áður rakin í meginatriðum, og var framburður hans fyrir dómi í samræmi við hana. Áfrýjandi, sem er á níræðisaldri, gaf skýrslu fyrir héraðsdómi. Hún gat þar lítið borið um atvik málsins, en þó kom fram, að hún þekkti stefnda ekki. Í skýrslu fyrir héraðsdómi staðfesti Sveinn Kristdórsson, að hann hefði leitað eftir því, að stefndi útvegaði sér það lánsfé, sem fjallað er um í málinu, hann hefði aflað heimildar með samningi við föður sinn til að veðsetja fasteignina að Aðalstræti 7, hann hefði greitt stimpilgjald af veð-

skuldabréfinu og kostnað af þinglýsingu þess, lánsféð hefði með öllu runnið til sín, og hann hefði greitt afborganir af skuldabréfinu. Þessari frásögn Sveins hefur áfrýjandi á engan hátt hnekkt. Þegar alls þessa er gætt, verður að telja stefnda hafa sýnt nægilega fram á, að lögskiptin að baki veðskuldabréfinu hafi verið með þeim hætti, að í raun hafi Sveinn átt að standa straum af endurgreiðslu skuldarinnar, en ekki stefndi. Sökum þess, sem áður greinir, verður áfrýjandi að hlíta því, að gætt verði að þessum atvikum við úrlausn málsins. Vegna þessara atvika getur áfrýjandi ekki beint framkröfu að stefnda, þótt hann hafi gagnvart upphaflegum kröfuhafa verið skuldari samkvæmt veðskuldabréfinu. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu stefnda.

Að teknu tilliti til atvika málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. nóvember 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. október 1997, er höfðað með stefnu, birtri 13. maí 1997.

Stefnandi er Kristín Stefánsdóttir, kt. 280617-2969, Aðalstræti 7, Akureyri.

Stefndi er Dagfinnur Stefánsson, kt. 221125-2319, Haukanesi 26, Garðabæ.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.134.992,70 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 494.622,70 kr. frá 2. 2. 1996 til 1. 7. 1996, en af 5.134.992,70 kr. frá þ. d. til greiðsludags. Þá er gerð krafa til þess, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Að lokum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins og að þar verði tillit tekið til virðisaukaskatts á málflytningsspóknun.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og henni gert að greiða stefnda málskostnað, þar með talinn 24,5% virðisaukaskattur á málflytningaþóknun samkvæmt málskostnaðarreikningi.

II.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að 13. október 1989 hafi stefndi tekið lán hjá Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68 í Reykjavík. Fjárhæð lánsins hafi verið 4.200.000 kr., og skyldi hún endurgreidd á 30 árum á gjalddaga 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 1990. Þá hafi skuldin verið verðtryggt samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu, 2640 stigum. Í vexti skyldi greiða jafnháa vexti og Landsbanki Íslands tæki af lánnum, tryggðum með veði í fasteign og verðtryggtum skv. lánskjaravísitölu. Voru vextir þessir tilgreindir á bréfinu við útgáfu þess 7,25% á ári.

Til tryggingar þessu láni fékk stefndi heimild þinglýsts eiganda Aðalstrætis 7, Akureyri, Kristdórs Vigfússonar, kt. 250304-3159, til þess að veðsetja þá eign sjóðnum með 3. veðrétti, og áritaði eiginkona hans, Kristín Stefánsdóttir, stefnandi máls þessa, skuldabréfið samþykkt sem maki. 2. 10. 1992 lést Kristdór, en stefnandi fékk leyfi til setu í óskiptu búí, og var búsetuleyfi út gefið 7. 1. '93, þinglýst á Aðalstræti 7, mótttekið 19. 1. 1993.

Vanskil urðu á greiðslum bréfsins, sem inna skyldi af hendi, og bárust stefnanda nokkur innheimtubréf lögmanns. Var stefnanda síðan birt greiðsluáskorun, og þrátt fyrir það að slíkt ýtti nokkuð við greiðslum, fór í sama farið, og með innheimtubréfi, dags. 10. 1. 1996, var stefnanda boðað, að til nauðungarsölu hússins myndi koma, ef ekki yrði greitt. Í kjölfar þess greiddi stefnandi 19. 1. 1996 579.000 kr. lögmönnunum Atla Gíslasyni hrl. og Magnúsi M. Norðdahl hdl., og var þá fallið frá gjaldfellingu eftirstöðva. Kvittun fyrir þessari greiðslu hljóðar á nafn Gunnars Kristdórssonar, sonar stefnanda, og greiddi hann með ávísun nr. 5275310 á ávísanareikning sinn nr. 50503 í Búnaðarbanka Íslands, Akureyri. Annaðist Gunnar þessa milli-göngu fyrir móður sína, enda hún orðin öldruð og ókunnug slíkum innheimtuaðgerðum.

Loks kom til þess, að stefnandi varð að selja húseignina Aðalstræti 7, og hafði Holt, fasteignasala, Strandgötu 13 á Akureyri, milligöngu um það, og varð þá að létta þessari veðskuld af, enda stóð hún þá í vegi fyrir, að hægt væri að þinglýsa fasteignaveðbréfi á eignina, sem var þáttur í sölunni. Greiðslukvittun fyrir fjárgreiðslu lánsins, sem er að upphæð 4.640.370 kr., er stimpluð greiðslustimpli, dags. 1. júlí 1996, í Landsbankanum á Akureyri, en hljóðar á nafn stefnda, sem þó innti greiðsluna vissulega ekki af

hendi, heldur Tryggvi Pálsson, löggiltur fasteignasali hjá Holti, og er í málinu lögð fram yfirlýsing, sem þetta sannar.

Þannig hefur stefnandi samtals greitt 5.219.370 kr., en þar sem bréfið sjálft ber aðeins með sér, að stefnandi hafi greitt 5.134.992,70 kr., er þeirrar fjárhæðar krafist sem stefnuþjárhæðar, en þar er um að ræða þrjár greiðslur, sem síðastar eru færðar inn á bréfið, dagsettar 2. 2. 1996 og 1. 7. 1996. Veðskuldabréfið fékk stefnandi í hendur við uppgreiðslu, og var veðinu létt af eigninni 9. 7. 1996. Þar sem stefndi hafi aldrei sinnt um greiðslur á skuldabréfinu og stefnandi orðið að greiða það upp, sé málshöfðun þessi nauðsynleg.

Stefnandi vísar um kröfur sínar til reglna samningsréttar um efndir fjárskuldbindinga og að mál þetta sé rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 25/1987. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur, og er honum því nauðsyn að fá dóm fyrir þeim skatti úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram í greinargerð, að málavaxtalýsingu í stefnu sé mjög áfátt og þar aðeins sagður hálfur sannleikur. Úr því sé nauðsynlegt að bæta, svo að hið rétta komi í ljós. Í greinargerð stefnda segir síðan, að stefndi sé fyrrverandi flugstjóri hjá Flugleiðum hf. og sem slíkur félagi í Eftirlaunastjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Árið 1989 hafi Sveinn Kristdórsson bakarameistari, kt. 270343-2879, sonur stefnanda og látins eiginmanns hennar, Kristdórs Vigfússonar, farið þess á leit við stefnda, að hann útvegaði honum lán hjá Eftirlaunastjóði F.Í.A. Stefndi hafi fallist á að gera Sveini þennan greiða fyrir vináttu sakir án nokkurrar greiðslu. Hafi síðan verið útbúið veðskuldabréfið á dskj. nr. 3. Sveinn Kristdórsson hafi séð um að útvega veðleyfi fyrir láninu hjá foreldrum sínum í fasteign þeirra að Aðalstræti 7, Akureyri. Stefndi hafi hvergi komið þar nærri. Sveinn hafi greitt stimpil- og þinglýsingarkostnað og lántökugjald af bréfinu, og hafi allt lánsféð runnið til hans, svo sem dómskjal nr. 10 sanni. Það hafi því verið Sveinn, sem var hinn raunverulegi skuldari þessa láns. Stefndi hafi aðeins léð formlegan atbeina sinn til þess, að Sveinn fengi lánið. Þetta hafi foreldrar Sveins vitað, og því hafi þau veitt veðleyfið í þágu Sveins, en ekki stefnda. Sveinn hafi síðan greitt af veðskuldabréfinu, þar til hann komst í greiðsluþrot, er enduðu með gjaldþrotáúrskurði, upp kveðnum 29. september 1993. Skiptalok á búi hans hafi verið 17. apríl 1996. Forgangskröfur hafi verið greiddar að fullu, en 11,65% komið upp í almennar kröfur.

Stefndi vísar til þess, að hann hafi aldrei greitt af láninu, enda hafi ekki þannig verið til lántökunnar stofnað. Samkvæmt kvittun á blaði, festu við veðskuldabréfið, á dskj. nr. 3 hafi það verið greitt upp 1. júlí 1996. Samkvæmt vottorði frá Tryggva Pálssyni, löggiltum fasteignasala, á dskj. nr. 5 hafi verið greitt „með ávísun nr. 4946655 af tékkareikningi nr. 115 í Íslandsbanka hf, Akureyri, eigandi Eignamiðstöðin ehf., kt. 520269-0459, Strandgötu 13, Akureyri“. Í skjölum málsins sé ekkert, sem sanni, að veðskuldabréfið hafi verið greitt upp af fé stefnanda.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram gögn, sem bera með sér, að andvirði húsbréfa, sem stefnandi fékk vegna sölu fasteignar sinnar, hafi verið varið til að greiða upp áðurgreint veðskuldabréf.

III.

Við aðalmeðferð málsins kom stefndi fyrir dóminn og gaf skýrslu, og þá voru teknar skýrslur af stefnanda og Sveini Kristdórssyni um síma. Kvað stefndi aðdragandann að því, að hann undirritaði veðskuldabréfið á dskj. nr. 3, vera þann, að Sveinn Kristdórsson hefði haft orð á því, hvort hann gæti útvegað sér lán úr Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Hefði hann tjáð Sveini, að hann skyldi athuga það. Hann hafi kynnt sér málið og skýrt stjórnendum sjóðsins frá þessu og þeir sagt þessu ekkert til fyrirstöðu, svo framarlega sem Sveinn legði fram veð fyrir láninu. Hafi hann sagt Sveini frá þessu, og nokkru síðar hafi Sveinn komið til sín og sagt, að foreldrar sínir eða ættmenn á Akureyri væru fúsir til að leggja fram veð fyrir sig. Þá hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að Sveinn fengi lánið. Hann kvaðst ekkert hafa komið nærri því að útvega veðið í Aðalstræti 7 á Akureyri. Kvað hann allt lánsféð hafa runnið til Sveins, sem hefði greitt þinglýsingar- og stimpilgjöld af bréfinu. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa verið krafinn um greiðslu af þessu bréfi, áður en sér var birt stefna í máli þessu. Hann kvaðst hafa útvegað Sveini önnur lán, sem Sveinn hefði greitt af í fyrstu, en síðan hefði hann orðið að greiða þau. Kvað hann það aldrei hafa hvarflað að sér, að hann þyrfti að greiða af þessu bréfi.

Stefnandi kvaðst ekki muna eftir því, þegar hún undirritaði veðskuldabréfið á dskj. nr. 3, eða hvort eiginmaður sinn var viðstaddur. Hún kvað þau hjónin lítið hafa rætt þetta, enda hefði hann verið mikið veikur á þessum tíma. Hún kvaðst ekki hafa vitað um fjárhæð lánsins eða hvers vegna það var tekið. Aðspurð kvaðst hún ekki geta svarað því, hver hefði beðið um veðleyfið, og ekki kvaðst hún vita, hvert lánsféð hefði runnið. Þá kvaðst hún ekkert hafa þekkt stefnda. Spurð um, hvaða skýringu hún gæti gefið á þessari veðheimild fyrir láni, að fjárhæð 4.200.000 kr., kvaðst stefnandi vera gömul og gleymin, og gæti hún ekki þess vegna svarað þessari spurningu.

Sveinn Kristdórsson kvaðst hafa farið þess á leit við stefnda, að hann útvegaði sér lán það, sem deilt er um í málinu. Hann kvað Kristdór, föður sinn, hafa útvegað veðið samkvæmt samningi þeirra feðga í milli. Hann kvað allt lánsféð hafa runnið til sín. Kvaðst hann hafa greitt af bréfinu framan af svo og þinglýsingar- og stimpilgjöld af því.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda.

a) Um réttarfarshlið málsins.

Á það er bent af hálfu stefnda, að veðskuldabréfið á dskj. nr. 3 hafi verið greitt fullnaðargreiðslu 1. júlí 1996. Þar með hafi bréfið lokið hlutverki sínu og lánveitandinn, Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, fengið sitt. Níundi töluliður veðskuldabréfsins, þar sem fjallað sé um varnarþing og reglur XVII. kafla laga nr. 85/1936, eigi því ekki lengur við. Reglur XVII. kafla hafi aðeins verið í gildi milli stefnda og Eftirlaunasjóðs F.Í.A. eða þess, er sjóðurinn kynni að framselja bréfið, áður en það greiddist að fullu. Eftirlaunasjóður F.Í.A. hafi aldrei framselt stefnanda bréfið með áritun á það, svo að séð verði. Stefnandi sé ekki að krefja um greiðslu samkvæmt veðskuldabréfinu á dskj. nr. 3, enda sé það að fullu greitt, heldur sýnist hér vera á ferðinni almenn fjárkrafa. Þess vegna verði talið heimilt, að stefndi komi að hvers kyns efnisvörnum í máli þessu.

Af hálfu stefnda er athygli vakin á því, að skv. 9. tl. veðskuldabréfsins eigi reglur XVII. kafla laga nr. 85/1936 einungis við í tilviki tveggja varnarþinga, þ. e. bæjarþings Reykjavíkur og varnarþings fasteignarinnar.

b) Um hinar efnislegu varnir.

Því er haldið fram, að stefnandi geti ekki verið í góðri trú. Hún viti, að lánsféð rann allt til sonar hennar, Sveins Kristdórssonar, en ekkert af því fór til stefnda, sem einungis hafi stuðlað að því, að lánafyrirgreiðslan gengi í gegn, enda hafi það verið þess vegna, sem hún og hinn látni eiginmaður hennar, Kristdór Vigfússon, veittu vedleyfið í fasteigninni Aðalstræti 7, Akureyri. Væri það með ólíkindum, að þau hefðu farið að veita stefnda veðheimild fyrir láni, að fjárhæð 4.200.000 kr., manni, sem sé þeim algerlega óvandabundinn og þau þekktu sáralítið, enda hefði stefndi aldrei farið fram á slíkt, ef hann hefði átt að fá lánið til eigin þarfa. Hann hefði ekki þurft þess. Það sé því ljótur grikkur, sem verið sé að gera stefnda með þessari fjárheimtu, eftir alla þá fyrirgreiðslu og fjárhagslegu aðstoð, er stefndi hafi verið búinn að veita syni stefnanda, Sveini Kristdórssyni, og ekki hafi einskorðast við þetta mál. Stefnandi hafi staðið í þeirri trú, að sér væri óhætt að veita þessa lánafyrirgreiðslu, eftir að Sveinn hafði útvegað

veð fyrir láninu. Veðið stæði á allan hátt fyrir láninu, og aldrei myndi koma til eftirmála gagnvart sér.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi studd aðildarskorti stefnanda, sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í öðru lagi er minnt á þá málsástæðu, að eins og mál þetta sé í pottinn búið, hafi stefnandi aldrei eignast löglega fjárkröfu á hendur stefnda, heldur á hendur syni sínum, Sveini Kristdórssyni, hinum raunverulega skuldara og veðþega.

Í þriðja lagi er á það bent af hálfu stefnda, verði talið, að einhvers konar samningur um efndir á fjárskuldbindingum hafi komist á með stefnanda og stefnda, að víkja beri honum til hliðar í heild, þar sem hann væri þá ósanngjarn og einnig andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Til ýtrasta öryggis sé upphafstíma dráttarvaxta sérstaklega mótmælt, þar eð stefnandi hafi aldrei sent stefnda innheimtubréf. Hið fyrsta, sem stefndi hafi vitað af máli þessu, hafi verið, þegar honum var birt stefnan. Í þessu sambandi sé vitnað til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/27. mars 1987 með síðari breytingum.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á 1. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á 2. gr., 2. mgr., laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum, enda sé stefndi ekki virðisaukaskattsskyldur, en þurfi að greiða lögmanni sínum virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Í munnlegum málflutningi var málsástæðum og lagarökum stefnda, bæði að því er varðaði réttarfarshlið málsins og hinar efnislegu varnir, mótmælt af hálfu stefnanda.

V.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi vísar til þess, að krafa sín njóti réttarfarshagræðis 17. kafla laga nr. 91/1991. Ákvæði c-liðar 117. gr. nefndra laga hefur að geyma þær reglur, er varða afbrigðilega meðferð einkamála í skuldabréfamálum. Til þeirra teljast mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda sé skráður samningur í texta þess um, að mál samkvæmt því verði rekið eftir ákvæðum þessa kafla. Skýra verður ákvæði þetta þröngt með hliðsjón af tilgangi og eðli ákvæða 17. kafla laga nr. 91/1991. Dómurinn telur sannað, að stefnandi hafi að fullu greitt Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna skuldina samkvæmt umræddu skuldabréfi, dagsettu 13. október 1989. Veðskuldabréfið hafði þar með lokið hlutverki sínu og því verið aflýst. Verður því eigi talið, að krafa stefnanda á hendur stefnda teljist þáttur

í máli til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi í skilningi c-liðar 117. gr. laga nr. 91/1991, enda ber bréfið, sem er nafnbref, ekki með sér framsal til stefnanda frá eiganda bréfsins, Eftirlaunastjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, sem telja verður skilyrði þess, að reka hafi mátt mál vegna bréfsins á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991. Af framanrituðu leiðir, að krafa stefnanda er almenn endurgreiðslukrafa veðþola, sem innleyst hefur veðskuldabréf, sem hvíldi á eign hans gagnvart lántaka bréfsins og nýtur þannig eigi réttarfarsagræðis sérreglna 17. kafla nefndra laga. Teknar verða því til skoðunar fram komnar efnisvarnir stefnda í málinu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína meðal annars á því, að það sé bersýnilega ósanngjarn og andstætt góðri viðskiptavenju, að stefnandi krefji nú stefnda um greiðslu lánsfjárins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Dómurinn telur, að stefnandi hafi með uppgreiðslu sinni öðlast kröfu á hendur stefnda sem hinum formlega lántaka samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins, en samningssamband hafi stofnast á milli stefnanda og stefnda við undirritun skuldabréfsins. Hins vegar verður á það fallist með stefnda, að líta beri til undanfarandi lögskipta og aðdraganda að tilurð bréfsins við mat á því, hvort krafa stefnanda verður tekin til greina.

Sannað þykir, að sonur stefnanda, Sveinn Kristdórsson, óskaði eftir fjárhagsaðstoð hjá stefnda árið 1989. Hafi stefndi þannig samþykkt að taka lán úr Eftirlaunastjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna og afhenda Sveini lánsféð. Sveinn hafi hins vegar séð um að útvega veðleyfi fyrir láninu hjá stefnanda, móður sinni, og föður sínum, sem nú er látinn. Stefnandi ásamt föður Sveins samþykkti veðsetninguna. Þá telst sannað með vísan til gagna málsins og vitnisburðar Sveins Kristdórssonar, að stefndi hafi afhent syni stefnanda andvirði lánsfjárins 16. október 1989. Enn fremur er í ljós leitt, að Sveinn, sonur stefnanda, greiddi þinglýsingar- og stimpilgjöld af bréfinu og afborganir af því framan af, uns hann komst í greiðsluþrot.

Ekki liggur fyrir í málinu, að lántaka stefnda að beiðni sonar stefnanda hafi haft fjárhagslegt markmið í för með sér, enda verður eigi séð, að stefndi hafi þegið greiðslur eða önnur fjárhagsleg hlunnindi í staðinn. Umræddur gerningur var þannig vinargreiði stefnda til handa sonar stefnanda. Meta verður stöðu stefnda við samningsgerðina með framangreint í huga. Samþykki stefnanda og eiginmanns hennar á veðsetningu húseignar þeirra að Aðalstræti 7 á Akureyri, fyrir láni því, sem stefndi var formlegur lántakandi að, var á þeirri forsendu, að andvirði lánsins yrði nýtt til að veita syni þeirra, Sveini Kristdórssyni, fjárhagslega aðstoð, og verður að telja, að þeim hafi verið það ljóst. Með veðleyfinu var því stefnda veitt haldbær trygging fyrir því, að fjárhagsleg áhætta hans vegna tilgangs og markmiðs lántökunnar yrði takmörkuð.

Þegar atvik fyrir og eftir sammingsgerðina eru virt heildstætt samkvæmt framanrituðu og staða sammingsaðila, verður þannig að telja, að stefnandi geti nú eigi krafð stefnda um greiðslu á andvirði umrædds láns. Ber því með skírskotun til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, að víkja til hliðar skuldbindingu stefnda samkvæmt nefndu skuldabréfi.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefnanda gert að greiða stefnda 150.000 krónur í málskostnað. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Við dómtöku málsins hafði dómsuppsaga verið ákveðin 13. þessa mánaðar, en henni var frestað til dagsins í dag vegna embættisanna dómara málsins.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Dagfinnur Stefánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Kristínar Stefánsdóttur.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.
